

Til stjórnar Bergrisans bs

c/o Ásta Stefánsdóttir

Skafttholti 18. mars 2017

### **Efni: Þjónustusamningur Skafttholts sjálfseignarstofnunar við Bergrisann bs.**

Undanfarin 6 ár hefur Skaftholt lagt áherslu á að skilgreina þá þjónustu sem boðið er upp á út frá Lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og reglugerðum nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum, Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr.88/2011 (nauðung og þvingun) og samningi Sameinuðu þjóðanna sem Ísland er aðili að um réttindi fatlaðs fólks.

Í takt við samfélagsþróun og viðhorfsbreytingar til fólks með fötlun hefur verið lögð áhersla á að efla sjálfræði íbúa Skafttholts bæði á eigin heimilum, í vinnu og nærsamfélagi. Aukin þátttaka á þeirra eigin forsendum og fá stuðning við að lifa lífinu út frá hugmyndafræði um sjálfræði eru þættir sem hafa fengið meira vægi í daglegu starfi. Markmiðið er að veita þjónustu sem eflir manneskjuna til sjálfshjálpar og þátttöku í samfélaginu og stuðli að aukinni ánægju og lífsfyllingu.

Skaftholt sjálfseignarstofnun var stofnað árið 1980 af miklu hugsjónarfólki sem hafði að leiðarljósi að skapa fólk með fötlun og þeim sem stóðu höllum fæti í samfélaginu tækifæri til að búa í sveit og starfa við búskap og ræktun. Hugmyndafræði Rudolf Steiner um félagslega leiðsögn, sjálfbærni og lífeflda ræktun var grunnur starfsins. Mikið af erlendu og innlendu áhugafólki kom til starfa og lagði fram vinnuframlag án þess að fá annað en fæði og húsnæði að launum. Í takt við almenn viðhorf og samfélagþróun hefur smátt og smátt verið horfið frá því fyrirkomulagi og launagreiðslur tekið við þó svo að starfið byggji enn á sömu grunnhugmyndum. Samhliða hafa einnig rekstrarframlög frá opinberum aðilum aukist eins og lög gera ráð fyrir.

Á síðasta ári lögðum við í mikla vinnu og gerðum þarfagreiningu á vinnustundum og mönnunarþörf. Einnig var stigið stórt skref í réttindamálum starfsfólks og gerður sér kjarasamningur við Stéttarfélagið Báruna. Yfirlýst markmið þessarar vinnu var að færa allar hliðar reksturs starfseminnar á sama plan og aðrir sambærilegir vinnustaðir búa við.

Við útreikninga á mönnunarþörf er miðað við þær raunþarfir sem liggja að baki þjónustu við íbúa í Skafttholti. Áætlaður launakostnaður byggir á mönnunarþörf og forsendum kjarasamninga, þar á meðal nýundirritaðs kjarasamnings við Báruna. Ljóst er að töluverður munur er á núverandi framlögum og útreiknuðum rekstrarkostnaði Skafttholts. Sá munur á sér ýmsar skýringar, helst ber að nefna þessar:

- Framlög hafa ekki áður verið metin í samræmi við raunþarfir.
- Greiða þarf fyrir vinnu, sem áður var ekki greitt fyrir.
  - Í gegnum tíðina hefur starfað mikið af sjálfboðaliðum í Skafttholti sem ekki nýtur lengur við.
  - Greiðslur fyrir álag og yfirvinnu í samræmi við kjarasamning.
- Nýr kjarasamningur. Réttindi starfsmanna tryggð og kjör sambærileg við aðra vinnustaði.

- Hátt þjónustustig einstakra íbúa. (Dæmi er um íbúa sem búið var að áætla 4,5 stöðugildi í mönnun fyrir utan Skaftholt, þjónusta hans vegna er kostnaðarsöm í Skaftholti, en væri jafnvel enn hærri annarsstaðar m.v. fyrirbyggjandi mat.)
- Næturvakt. Nauðsynlegt er að koma á næturvakt til þess að tryggja öryggi íbúa.
- Bætt þjónusta. Gert er ráð fyrir að bæta þjónustu við íbúa og m.a. tryggja aukinn aðgang að frístundum og almennri þátttöku í samfélaginu.

Á árinu 2016 og í upphafi 2017 hafa fulltrúar Skaftholts átt reglulega fundi vegna Þjónustusamnings með fulltrúum Bergrisans, Ástu Stefánsdóttur og Örnú Ír Gunnarsdóttur. Á þeim fundum höfum við lagt fram og talað opinskátt um þær breytingar sem við höfum verið að vinna að. Fundum við aldrei annað en jákvætt viðmót og skilning á þeirri nálgun sem við vorum að fara. Við höfum brugðist við athugasemdum og ábendingum og lagfært það sem betur mátti fara. Einnig eru allir aðilar sammála um að þjónustunotendur Skaftholts njóta nú aukins sjálfræðis og eiga kost á að vera virkari þátttakendur í samfélaginu og notfæra sér þau tækifæri bæði í námi og tómstundum.

Því var það mikið áfall og má segja að okkur skorti orð til að lýsa vonbrigðum okkar við undirtektir Bergrisans og tillög um 2.4% hækkun á framlög 2016. Í ofanálag eru framlög 2016 enn óleiðrétt en þau eru á verðlagi 2015. Útreikningar vegna þeirra leiðréttinga voru lagðir fram á fundi samningsaðila 4. janúar sl. Útreikningarnir eru byggðir á sömu aðferðarfræði og unnið hefur verið eftir undanfarin ár. Þótt samningurinn sé útrunninn þá er enn unnið í samræmi við hann. Á meðan svo er og á meðan samningi er ekki sagt upp skal líta á sem svo að samningur sé í gildi. Því verður ekki hjá því komist að leiðrétta framlög vegna 2016 í samræmi við ákvæði samnings.

Ef forsendur vegna rekstrarframlaga verða ekki teknar til skoðunar af hálfu stjórnar Bergrisans er ljóst að Skaftholt getur ekki sinnt þjónustu við þá íbúa sem nú búa í Skaftholti og starfað eftir lögum og reglugerðum sem okkur ber skylda til.

Við óskum eftir að stjórn Bergrisans bs skoði ofaní kjölinn það starf sem fer fram í Skaftholti og kynni sér þróun og breytingar á starfsskilyrðum sem átt hafa sér stað á 37 ára sögu staðarins. Við teljum okkur vera að vinna metnaðarfullt starf sem hefur þróast í gegnum árin í samræmi við samfélagsþróun og kröfur sem gerðar eru til starfs okkar.

Sl. 2 ár hefur verið tap á rekstri Skaftholts og það sem af er þessu ári hafa skuldir aukist. Stjórn, fulltrúarráð og starfsmenn Skaftholts eru áhyggjufull yfir þeirri þróun og treysta sér ekki til að halda rekstri áfram við núverandi aðstæður án þess að skerða þjónustu við íbúa.

Virðingarfyllt,

Fh. stjórnar Skaftholts sjálfseignarstofnunar

Guðjón T. Árnason